



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

## Ársskýrsla Fuglaverndar 2012

### Lögð fram á aðalfundi 20. apríl 2013

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi þann 21. mars 2012 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Jakob Sigurðsson, varaformaður; Hjálmar A. Jónsson, ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Ásgerður Einarsdóttir, Sindri Skúlason og Gunnar Þór Hallgrímsson meðstjórnendur. Gunnar Þór sagði sig úr stjórn um vorið. Stjórnin hélt 8 fundi á árinu.

Aðalfundur ákvað óbreytt árgjald á starfsárinu. Í desember voru skráðir félagsmenn 1143 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

### Rekstur

#### *Skrifstofa*

Fuglavernd leigir skrifstofuaðstöðu af Landvernd í Skúlatúni 6 þar sem Skógræktarfélag Íslands er einnig til húsa. Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir.

Arfur Hjálmars R. Bárðarsonar stendur nú í tæpum 25 milljónum, en féð hefur verið lagt inná reikning með hæstu ávöxtun og hefur staðið þar óhreyft.

María Magnúsdóttir á Blönduósi hefur styrkt félagið rausnarlega.

### Athugasemdir og kærur

Landvernd og Fuglavernd sendu skrifstofu Ramsar-samningsins erindi þar sem farið er fram á að samningurinn rannsaki möguleg áhrif jarðvarmavirkjunar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi á lífríki Mývatns. Mývatns-Laxárvæðið er eitt af sex Ramsar-svæðum á Íslandi sem njóta verndar samkvæmt samningnum, en hann fjallar um vernd votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi, ekki síst vegna fuglalífs. Fuglavernd sendi svo erindið áfram til skrifstofu Bernarsamningsins og *BirdLife* en Mývatn-Laxárvæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA).

Fuglavernd tók þátt í umsögn um landsskipulagstefnu með öðrum náttúruverndarsamtökum, þar sem leitast var við að benda á það sem betur mætti fara.

Fuglavernd kærði úrskurð Skipulagsstofnunar um að gerð fráveitulagnar fyrir affallsvatn frá Svartsengi, sem ætlað er að renna í Arfadalsvík, skuli **ekki** háð mati á umhverfisáhrifum.

### Útgáfa og miðlun

Fuglar komu ekki út á árinu þar sem ákveðið var að gefa út veglegt blað á vordögum í tilefni hálftrar aldar afmæli félagsins.

Tvö ný jólakort komu út um haustið með myndum eftir Sindra Skúlason og Hrafn Óskarsson.

Unnið var að útgáfu verkefnabókar fyrir leikskólanemendur og kennara í samstarfi við tvo leikskólakennara, Gerði Gyöfadóttur og Jóhönnu Torfadóttur, það kemur út 2013

Fésbókarsíðan naut vaxandi vinsælda og eru áhangendur hennar nú komnir yfir 2000. Þar eru birtir ýmsir fróðleiksmolar um fugla og fuglalíf landsins ásamt tilkynningum um atburði félagsins.

Vefur félagsins var tekinn til rækilegrar endurskoðunar og fengum við Önnu Melsteð í Stykkishólmi til að endurhanna hann. Hann er enn í þróun.

### **Friðlandið í Flóa**

Vinna hélt áfram í Friðlandinu við að búa í haginn fyrir fólk og fugla. Alex Máni Guðríðarson var í hlutastarfi við athuganir og umhirðu, þar sem vinnuskóli sveitarfélagsins og Fuglavernd lögðu í púkk. Gott aðgengi tók út aðstöðu og aðgengi fyrir fatlaða. Gott aðgengi er upplýsinga- og þjónustuvefur fyrir fatlaða, sem metur aðstöðu og gerir athugasemdir og vottar að mannvirki, náttúruperlur og þjónusta m.m. bjóði uppá aðgengi fyrir fatlaða.

### **Samstarf við Umhverfissráðuneytið**

Nokkrir fundir voru haldnir með ráðherra og/eða starfsmönnum ráðuneytisins á árinu, bæði að frumkvæði félagsins og svo sem hluti af samstarfssamningi ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka.

Framkvæmdastjóri félagsins sat í nefnd um endurskoðun villidýralaganna svokölluðu Nr. 64 frá 1994. Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nefndin skilaði skýrslu í apríl 2013 til umhverfis- og auðlindaráðherra. Í skýrslunni er farið yfir stöðu villtra dýrastofna á Íslandi, nógildandi lagaumhverfi er varðar vernd og veiðar þessara stofna og stöðu Íslands með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga auk tillagna nefndarinnar. Nefndin fundaði alls 38 sinnum. Fundir voru yfirleitt heilsdagsfundir, en undir lok vinnunnar var í einhverjum mæli notast við styttri símafundi.

Fuglavernd tók þátt í samstarfi frjálsra félagasamtaka á degi íslenskra náttúru og vorum jafnframt tilnefnd til fjölmiðlaverðlauna sem veitt voru þann sama dag.

Ragnhildur Sigurðardóttir var fulltrúi okkar í nefnd um vatnamál.

Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar, eins og fram kemur í ársreikningum félagsins.

### **Innganga í Evrópusambandið og erlent samstarf**

Fuglavernd samdi ályktun um undanþágubeiðnir frá Fuglatilskipun Evrópusambandsins í samstarfi við *BirdLife* og hitti Hólmfríður ýmsa höfðingja að því tilefni í Brussel í september. Fuglavernd er afar ósammála þeirri undanþágupólitík sem utanríkisráðuneytið rekur í tengslum við aðildarumsóknina. Einnig kynnti starfsmaður sér hvernig öðrum Evrópulöndum hefur tekist að vinna með Evrópusambandslöggjöfinni í náttúruvernd og sótti samráðsfund um verndun sjófugla. Evrópufundur BirdLife var svo í Cambridge á árinu, en hann er haldinn annað hvert ár.

## Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir

### *Sýningar*

Ljósmyndasýningin *Fuglablík*, sem hékk uppi í Ráðhúsi Reykjavíkur sl. haust var sett upp í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju 5. desember 2011 og stóð hún fram í febrúar 2012, Grasagarðinum í Laugardal um vorið, í Skaftafelli og á Hellnum (skipt í tvennt) um sumarið og loks í Fiska- og Náttúrugripasafni Vestmannaeyja í nóvember.

### *Fræðslufundir*

Fræðslufundir voru haldnir í hinum ágæta sal Arion-banka við Borgartún. Þeir voru fimm á árinu. Á fundunum bauð Fuglavernd uppá varning sinn til sölu og voru þeir allir vel sóttir.

Á fyrsta fræðslufundi ársins, 14. febrúar fjallaði Brynja Davíðsdóttir um fugla og smádýralíf í lúpínu.

Þann 6. mars fjölluðu Böðvar Þórisson og Vigfús Eyjólfsson um ástir og örlög sandlóunnar.

Á aðalfundi 21. mars héldu Hlynur Óskarsson og Katrín Ragnars stutt erindi um endurheimt votlendis og uppbyggingu í friðlandinu í Vatnsmýri.

Á síðasta fræðslufundi vetrarins, 17. apríl héldu þeir Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson erindi um garðfugla og garðfuglahelgi og garðfuglakönnun Fuglaverndar.

Vetrarstarfið hófst með því að Gunnar Þór Hallgrímsson sagði frá rannsóknum á sendlingi þann 14. nóvember.

Loks talaði Ellen Magnúsdóttir um farhætti skúma 13. desember.

### *Fuglaskoðun og námskeið*

Fuglavernd stóð fyrir vettvangsfræðslu og fuglaskoðunarferðum á árinu, bæði á eigin vegum og í samstarfi við aðra, m.a. í Friðlandinu í Flóa. Hinn 10. júní var farin dagsferð á Snæfellsnes og komust færri að en vildu.

Fuglavernd stóð fyrir námskeiði í fuglaskoðun í lok apríl/byrjun maí, sem endaði með skoðunarferð um Innnesin þann 5. maí. Þátttakendur voru 15.

### *Garðfuglar*

Garðfuglakönnun veturinn 2012-2013 hófst þann 28. október og var nú haldin í 19. sinn. Könnunin stendur allan veturinn og þátttakendur sem fóðra fugla í görðum sínum skrá jafnframt fuglalífið á tímabilinu. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 27.-30. janúar 2012. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi.

## **Annað**

Fuglavernd var í samstarfi við Náttúrufræðistofnun vegna ráðgjafar um rjúpnaveiði og veiðistjórnun og sótti Jakob Sigurðsson fundi vegna þessa.

Guðmundur A. Guðmundsson fór sem fulltrúi okkar á fund í Tékklandi um fuglatalningar í Evrópu.

Fuglavernd var í samstarfi við Grasagarðinn í Laugardal um sýningarhald og fræðslu.

Fuglavernd minnti á friðun blesgæsa þegar gæsaveiðar hófust síðsumars.

Að venju tók Fuglavernd þátt í jólamarkaði Skógræktarfélag Reykjavíkur á Elliðavatni.